Hagtíðindi
Statistical Series

Hagvísar

2004:6 • 30. júní 2004

# Hagvísar í júní 2004

## Landsframleiðsla á 1. ársfjórðungi

*Hagvöxtur 4,9%*
*Einkaneysla óx um 8,0%, mikill innflutningur en hægur vöxtur útflutnings*

Hagvöxturinn á 1. ársfjórðungi 2004 varð 4,9% og einkenndist af mikilli aukningu einkaneyslu og fjárfestingar. Einkaneyslan, sem hafði aukist um og yfir 6% á öllum fjórðungum ársins 2003, óx enn meira á 1. fjórðungi eða um 8% frá sama fjórðungi fyrra árs. Sem fyrr má rekja meginhluta þessa vaxtar til kaupa á innfluttri neysluvöru og til útgjalda erlendis. Fjárfesting er talin hafa vaxið um 17% á fyrsta fjórðungi frá sama fjórðungi fyrra árs en þá var hún fremur lítil miðað við það sem síðar varð á árinu. Fyrstu vísbendingar um þróun samneyslunnar á árinu 2004 benda til hægari vaxtar en verið hefur. Nú er talið að samneyslan hafi vaxið um 1,9% á 1. fjórðungi samanborið við um og yfir 3% á fyrri hluta liðins árs. Mikill vöxtur einkaneyslu og fjárfestingar á 1. ársfjórðungi leiddi til 8,6% aukningar þjóðarútgjalda en þau eru samtala neyslu og fjárfestingar. Mikill vöxtur innflutnings, 14,2%, og hægur vöxtur útflutnings, 4,3%, leiddi til minni hagvaxtar eða 4,9%.

## Verðþróun

*Mánaðarhækkun neysluverðsvísitölu 0,77% en árshækkun til júní 2004 3,9%*

Vísitala neysluverðs í júní 2004 hækkaði um 0,77% frá fyrra mánuði (0,57% án húsnæðis). Síðastliðna tólf mánuði hefur vísitalan hækkað um 3,9% (2,7% án húsnæðis) en breytingin undanfarna þrjá mánuði svarar til 9,0% ársverðbólgu (6,9% án húsnæðis). Samræmd neysluverðsvísitala EES hækkaði á Íslandi um 0,8% í maí 2004 og að meðaltali um 0,4% í EES ríkjunum. Hækkunin sl. tólf mánuði nam 2,4% á Íslandi og að meðaltali 2,3% í EES ríkjum. Vísitala byggingarkostnaðar í júní var 0,33% hærri en í næstliðnum mánuði, 5,0% hærri en í júní 2003.

## Launabreytingar

*Árshækkun launavísitölu til maí 2004 4,6%*

Launavísitala í apríl var 0,8% hærri en í næstliðnum mánuði og hafði þá hækkað um 4,6% frá sama tíma árið áður. Vísitala neysluverðs hækkaði á sama tíma um 3,6%. Mælt á þessa kvarða var kaupmáttur launa því 1,0% hærri í maí 2004 en á sama tíma árið áður. Meðaltalskaupmáttur fyrstu fimm mánaða þessa árs er 1,3% meiri en á sama tímabili á sl. ári.

## Fiskafli, verð fiskafla og útflutningsverð

*Meiri afli en í fyrra, lægra verð*

Afli janúar–maí, reiknaður á föstu verði, var 2,4% meiri en á sama tíma árið áður. Síðustu 12 mánuði er aflinn 4,3% meiri en 12 mánuði þar á undan. Verð á sjávarafla í íslenskum krónum var 10,8% lægra að meðaltali janúar–apríl en sömu mánuði í fyrra. Útflutningsverð sjávarafurða í íslenskum krónum var 4,2% lægra

Hagstofa Íslands

janúar–maí í ár en á sama tíma árið áður. Gengisvísitala íslensku krónunnar hækkaði (krónan veiktist) um 0,15% milli þessara tímabila.

## Utanríkisverslun

*Halli á vöruskiptum við útlönd í maí*

Vöruskiptajöfnuður var óhagstæður um 3.768 milljónir króna í maí en í apríl í fyrra var hann óhagstæður um 1.773 milljónir á sama gengi. Vöruskiptajöfnuður fyrstu fimm mánuði ársins var óhagstæður um 7,0 milljarða en í fyrra var hann hagstæður um 2,4 milljarða. Fyrstu fimm mánuði ársins jókst útflutningur um 4,4% en innflutningur um 16,8% á sama gengi. Af 13,6 milljarða aukningu á innflutningi fyrstu fimm mánuði ársins er um helmingur aukinn innflutningur á fjárfestingarvörum og flutningatækjum.

## Komur farþega til Keflavíkurflugvallar

*Komum farþega til landsins fjölgaði um 22,3% fyrstu 5 mánuði ársins*

Samtals komu 219.812 farþegar til Keflavíkurflugvallar fyrstu fimm mánuði ársins borið saman við 179.711 farþega sömu mánuðina í fyrra. Þetta er 22,3% aukning. Síðustu tólf mánuði hafa komið 623.933 farþegar til Keflavíkurflugvallar, en það er 19% aukning frá 12 mánuðum þar á undan. Í þessum tölum eru ekki þeir farþegar sem höfðu viðkomu á flugvellinum en komu ekki inn í landið.

## Gistinætur á hótelum

*5,2% aukning á gistinóttum í janúar–maí*

Samtals voru skráðar 300.699 nætur á fyrstu 5 mánuðum ársins en á sama tíma á síðasta ári voru skráðar 285.871 gistinætur. Þetta er 5,2% aukning á milli ára.

## Innlend eftirspurn

*Innlend eftirspurn vex*

Kreditkortavelta heimila var 3,5% meiri janúar–maí í ár en sama tíma á síðasta ári. Aukning síðustu tólf mánuði er 5,2% borið saman við tólf mánuðina næstu á undan. Debetkortavelta jókst um 13,8% janúar–maí en tólf mánaða aukning er 12,7%. Samtals jókst innlend greiðslukortavelta heimila sl. 12 mánuði um 10%, borið saman við fyrri 12 mánuði. Kreditkortavelta Íslendinga erlendis jókst um 25,6% janúar–maí frá sama tíma árið áður. Erlend greiðslukortavelta hérlendis jókst um 21% fyrstu fimm mánuði þessa árs borið saman við sömu mánuði fyrra árs.

Nýskráningar bíla jukust um 14,5% fyrstu fimm mánuði ársins miðað við sömu mánuði árið áður. Síðastliðna tólf mánuði hefur nýskráningum bíla fjölgað um 31,6% samanborið við fyrri tólf mánuð.

## Raforkunotkun

*2,1% aukning á raforkunotkun*

Raforkunotkun jókst á fyrsta ársfjórðungi um 2,1% miðað við fyrsta ársfjórðung liðins árs. Vert er að hafa í huga við samanburð, að ársfjórðungurinn núna er lengri vegna hlaupárs. Aukning í almennri notkun er 3,3% en 1,3% í stórnotkun. Ekki hafa orðið breytingar á afkastagetu stóriðjufyrirtækja á milli ára.

# Hagvísar í júní 2004

| | Vöxtur VLF frá sama ársfj. fyrra árs % | Vísitala neyslu-verðs | Vísitala neysluverðs án húsnæðis | Samræmd vísitala neysluverðs Ísland | Samræmd vísitala neysluverðs EES | Vísitala byggingar-kostnaðar | Fiskafli, magnvísitala | Fram-leiðsla á áli tonn |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2002 | | 222,6 | 221,2 | 123,5 | 110,9 | 277,2 | 93,0 | 282.495 |
| 2003 | | 227,3 | 222,8 | 125,2 | 113,0 | 286,3 | 95,2 | 280.185 |
| | | | | | | | | |
| Jún. 2002 | . | 222,8 | 221,8 | 123,7 | 111,0 | 277,6 | 95,6 | 23.982 |
| Júl. 2002 | . | 223,0 | 221,8 | 123,9 | 110,9 | 277,6 | 97,0 | 24.263 |
| Ágú. 2002 | -0,4 | 221,8 | 220,2 | 123,3 | 110,9 | 277,6 | 67,5 | 24.687 |
| Sep. 2002 | . | 222,9 | 221,1 | 123,9 | 111,2 | 277,4 | 88,2 | 23.936 |
| Okt. 2002 | . | 224,1 | 222,4 | 124,4 | 111,5 | 277,5 | 81,3 | 25.178 |
| Nóv. 2002 | -1,9 | 223,7 | 221,7 | 124,1 | 111,4 | 277,9 | 74,5 | 23.846 |
| Des. 2002 | . | 223,9 | 221,4 | 124,1 | 111,9 | 278,0 | 70,6 | 22.245 |
| Jan. 2003 | . | 224,7 | 221,7 | 124,3 | 111,8 | 285,0 | 85,6 | 24.833 |
| Feb. 2003 | 4,6 | 224,3 | 220,9 | 124,0 | 112,3 | 285,5 | 107,0 | 23.058 |
| Mar. 2003 | . | 226,7 | 223,3 | 125,4 | 112,9 | 284,8 | 119,4 | 26.433 |
| Apr. 2003 | . | 227,0 | 223,3 | 125,3 | 113,0 | 285,6 | 82,8 | 25.579 |
| Maí 2003 | 3,3 | 226,6 | 222,6 | 125,2 | 113,0 | 285,6 | 107,4 | 23.897 |
| Jún. 2003 | . | 226,8 | 222,6 | 125,3 | 113,1 | 286,4 | 100,9 | 22.003 |
| Júl. 2003 | . | 226,5 | 221,8 | 125,0 | 112,9 | 286,8 | 100,4 | 22.511 |
| Ágú. 2003 | 3,3 | 226,3 | 221,0 | 124,5 | 113,1 | 285,9 | 79,0 | 22.394 |
| Sep. 2003 | . | 227,9 | 222,7 | 125,4 | 113,5 | 287,3 | 79,7 | 22.046 |
| Okt. 2003 | . | 229,0 | 223,7 | 125,8 | 113,6 | 287,8 | 84,0 | 22.877 |
| Nóv. 2003 | 4,9 | 229,3 | 224,1 | 126,0 | 113,7 | 287,2 | 94,0 | 22.033 |
| Des. 2003 | . | 230,0 | 224,7 | 126,3 | 114,0 | 287,8 | 70,9 | 22.521 |
| Jan. 2004 | . | 230,1 | 224,5 | 126,1 | 113,7 | 288,6 | 65,7 | 23.062 |
| Feb. 2004 | 4,9 | 229,4 | 223,5 | 125,7 | 113,9 | 289,5 | 112,5 | 21.786 |
| Mar. 2004 | . | 230,7 | 224,9 | 126,6 | 114,6 | 292,2 | 150,0 | 22.699 |
| Apr. 2004 | . | 232,0 | 225,9 | 127,2 | 115,0 | 293,3 | 91,6 | 24.249 |
| Maí 2004 | . | 233,9 | 227,4 | 128,2 | 115,5 | 299,8 | 94,1 | 23.450 |
| Jún. 2004 | . | 235,7 | 228,7 | . | . | 300,8 | . | . |



Vöxtur VLF frá sama ársfjórðungi fyrra árs, %



Vísitala neysluverðs



Samræmd vísitala neysluverðs



Fiskafli - magnvísitala

## Hagvísar í júní 2004

| | Mjólkurframleiðsla og sala í þúsundum lítra | | | Kjötsala í tonnum | | | | Raforkunotk. í Gwst. | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Innvegin mjólk til mjólkurbúa | Sala á mjólk | Unnar mjólkurvörur prótíngrunnur | Kinda-kjöt | Nauta-kjöt | Svína-kjöt | Fugla-kjöt | Stór-notkun | Almenn notkun |
| 2002 | 110.761 | 42.952 | 62.270 | 6.438 | 3.687 | 6.042 | 4.316 | 5.214,6 | 2.894,2 |
| 2003 | 108.384 | 42.454 | 64.074 | 6.078 | 3.602 | 6.076 | 5.393 | 5.229,4 | 2.953,6 |
| Maí 2002 | 10.337 | 3.778 | 5.681 | 574 | 336 | 549 | 353 | 445,3 | 216,9 |
| Jún. 2002 | 9.423 | 3.178 | 4.789 | 508 | 327 | 441 | 339 | 424,7 | 192,0 |
| Júl. 2002 | 9.566 | 3.614 | 5.721 | 685 | 358 | 535 | 397 | 446,6 | 213,0 |
| Ágú. 2002 | 8.693 | 3.658 | 5.415 | 412 | 328 | 465 | 399 | 446,0 | 197,9 |
| Sep. 2002 | 7.733 | 3.519 | 4.893 | 589 | 301 | 530 | 415 | 430,3 | 210,6 |
| Okt. 2002 | 8.439 | 3.804 | 5.673 | 714 | 326 | 598 | 465 | 439,6 | 244,2 |
| Nóv. 2002 | 8.533 | 3.600 | 5.485 | 518 | 290 | 570 | 414 | 431,1 | 260,5 |
| Des. 2002 | 9.525 | 3.482 | 4.523 | 480 | 231 | 576 | 316 | 438,6 | 275,7 |
| Jan. 2003 | 10.027 | 3.840 | 5.337 | 455 | 316 | 439 | 509 | 443,3 | 298,6 |
| Feb. 2003 | 9.236 | 3.337 | 4.859 | 482 | 278 | 461 | 437 | 396,8 | 268,6 |
| Mar. 2003 | 10.009 | 3.482 | 5.165 | 648 | 292 | 557 | 500 | 448,1 | 275,5 |
| Apr. 2003 | 9.968 | 3.524 | 5.096 | 447 | 277 | 469 | 380 | 432,6 | 224,2 |
| Maí 2003 | 10.290 | 3.619 | 5.545 | 575 | 318 | 529 | 448 | 440,1 | 226,0 |
| Jún. 2003 | 9.570 | 3.331 | 5.241 | 459 | 320 | 536 | 380 | 423,8 | 207,3 |
| Júl. 2003 | 8.857 | 3.564 | 6.168 | 454 | 312 | 604 | 527 | 440,0 | 219,1 |
| Ágú. 2003 | 7.915 | 3.391 | 5.256 | 355 | 283 | 457 | 430 | 442,5 | 199,3 |
| Sep. 2003 | 7.995 | 3.653 | 5.512 | 532 | 322 | 524 | 469 | 426,7 | 215,1 |
| Okt. 2003 | 7.800 | 3.876 | 5.916 | 683 | 338 | 505 | 513 | 450,1 | 255,6 |
| Nóv. 2003 | 7.630 | 3.287 | 4.722 | 529 | 296 | 523 | 431 | 435,3 | 261,3 |
| Des. 2003 | 9.086 | 3.550 | 5.257 | 458 | 250 | 472 | 369 | 450,1 | 303,2 |
| Jan. 2004 | 9.347 | 3.673 | 5.206 | 484 | 306 | 434 | 470 | 448,0 | 290,7 |
| Feb. 2004 | 8.739 | 3.286 | 5.217 | 423 | 311 | 448 | 360 | 416,3 | 286,2 |
| Mar. 2004 | 10.207 | 3.784 | 5.872 | 702 | 304 | 557 | 479 | 440,8 | 293,1 |
| Apr. 2004 | 9.925 | 3.534 | 5.360 | 502 | 287 | 411 | 406 | . | . |
| Maí 2004 | 10.389 | 3.280 | 5.195 | 589 | 274 | 417 | 428 | . | . |












## Hagvísar í júní 2004

| | Eldsneytisinnflutningur í tonnum | | | | | | Markaðsverð íbúðarhúsnæðis - vísitölur | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Bensín | Gasolía | Brennslu-olía | Þotu-eldsneyti | Sement-sala vísitala | Húsb.lán til einst. v/nýbygg. | Fjölbýli höfuðbsv. | Einbýli höfuðbsv. | Húsnæði lands-byggð | Húsnæði landið allt |
| 2002 | 145.011 | 387.163 | 93.163 | 105.471 | 103,8 | 2.062 | 116,1 | 118,3 | 114,0 | 115,9 |
| 2003 | 139.395 | 383.955 | 58.032 | 109.656 | 123,6 | 2.500 | 130,2 | 129,6 | 127,3 | 129,4 |
| | | | | | | | | | | |
| Jún. 2002 | 13.189 | 20.969 | 2.514 | 4.376 | 116,4 | 160 | 113,8 | 116,5 | 114,9 | 114,4 |
| Júl. 2002 | 21.656 | 47.493 | 13.244 | 15.277 | 149,4 | 168 | 115,2 | 117,0 | 114,5 | 115,3 |
| Ágú. 2002 | 3.499 | 28.396 | 4.494 | 8.972 | 120,4 | 139 | 115,9 | 118,1 | 115,3 | 116,1 |
| Sep. 2002 | 17.716 | 45.683 | 12.960 | 11.034 | 132,0 | 180 | 117,5 | 118,7 | 118,0 | 117,8 |
| Okt. 2002 | 17.199 | 42.200 | 5.308 | 12.504 | 140,8 | 152 | 118,2 | 119,2 | 117,9 | 118,3 |
| Nóv. 2002 | 6.074 | 28.039 | 4.440 | 7.541 | 117,8 | 193 | 119,9 | 119,2 | 116,6 | 119,0 |
| Des. 2002 | 11.993 | 28.761 | 2.572 | 4.529 | 74,6 | 131 | 121,3 | 120,7 | 117,6 | 120,3 |
| Jan. 2003 | 5.013 | 10.217 | 1.568 | 9.982 | 74,2 | 171 | 122,6 | 121,8 | 120,7 | 122,0 |
| Feb. 2003 | 19.112 | 37.515 | 1.871 | 10.775 | 67,8 | 159 | 124,1 | 122,6 | 121,4 | 123,2 |
| Mar. 2003 | 11.701 | 35.037 | 17.732 | 5.008 | 91,4 | 182 | 126,6 | 123,8 | 120,5 | 124,7 |
| Apr. 2003 | 3.318 | 10.380 | 2.277 | 3.793 | 103,3 | 151 | 128,1 | 127,7 | 122,2 | 126,5 |
| Maí 2003 | 17.722 | 36.212 | 3.573 | 13.359 | 123,2 | 187 | 128,1 | 128,3 | 124,9 | 127,3 |
| Jún. 2003 | 6.522 | 27.763 | 3.530 | 4.331 | 148,0 | 155 | 128,8 | 128,7 | 125,3 | 127,9 |
| Júl. 2003 | 14.750 | 44.180 | 8.230 | 7.900 | 163,9 | 244 | 130,0 | 130,5 | 130,2 | 130,1 |
| Ágú. 2003 | 16.240 | 33.812 | 1.179 | 16.746 | 137,3 | 238 | 133,2 | 132,9 | 131,6 | 132,8 |
| Sep. 2003 | 20.184 | 63.560 | 10.334 | 17.120 | 175,5 | 275 | 134,7 | 134,5 | 133,1 | 134,3 |
| Okt. 2003 | 9.141 | 41.897 | 5.385 | 9.379 | 155,7 | 233 | 135,1 | 135,2 | 133,2 | 134,6 |
| Nóv. 2003 | 10.226 | 29.625 | 228 | 8.873 | 133,4 | 235 | 135,6 | 133,5 | 131,9 | 134,4 |
| Des. 2003 | 5.466 | 13.757 | 2.124 | 2.391 | 110,2 | 270 | 136,1 | 135,6 | 132,5 | 135,1 |
| Jan. 2004 | 20.522 | 49.532 | 4.425 | 11.336 | 98,8 | 218 | 136,1 | 137,4 | 131,6 | 135,1 |
| Feb. 2004 | 6.577 | 9.897 | 4.122 | 8.002 | 122,9 | 204 | 136,2 | 138,9 | 131,4 | 135,3 |
| Mar. 2004 | 14.960 | 47.038 | 3.665 | 12.604 | 163,8 | 260 | 136,9 | 135,8 | 131,1 | 135,3 |
| Apr. 2004 | 9.529 | 37.708 | 7.841 | 6.338 | 169,9 | 200 | 139,1 | 139,4 | 131,2 | 137,1 |
| Maí 2004 | 14.677 | 35.997 | 7.533 | 8.584 | 161,1 | 305 | 141,6 | 142,2 | 136,4 | 140,3 |
| Jún. 2004 | . | . | . | . | . | . | 144,6 | 146,0 | 138,4 | 143,3 |












## Hagvísar í júní 2004

| | Kortavelta í milljónum króna | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Kreditkort heimili innanlands | Kreditkort heimili erlendis | Debetkort posar | Erlend greiðslukort innanlands | Nýskráning bíla fjöldi | Innfl. bíla cif-verðmæti milljón kr. | Komur ferða-manna til KEF fjöldi | Gistinætur á hótelum fjöldi |
| 2002 | 123.819 | 16.344 | 123.922 | 12.470 | 8.487 | 10.436 | 493.643 | 802.351 |
| 2003 | 130.835 | 19.693 | 137.242 | 13.106 | 13.289 | 18.885 | 583.832 | 879.356 |
| Maí 2002 | 10.115 | 1.300 | 10.675 | 946 | 1.070 | 1.225 | 38.544 | 69.599 |
| Jún. 2002 | 10.145 | 1.547 | 10.115 | 1.231 | 1.211 | 1.280 | 61.956 | 97.894 |
| Júl. 2002 | 10.964 | 1.525 | 11.206 | 2.086 | 872 | 1.028 | 75.817 | 119.027 |
| Ágú. 2002 | 10.249 | 1.545 | 11.555 | 2.053 | 707 | 867 | 68.774 | 112.983 |
| Sep. 2002 | 10.584 | 1.561 | 10.453 | 1.415 | 604 | 736 | 40.727 | 70.735 |
| Okt. 2002 | 9.944 | 1.597 | 10.421 | 804 | 810 | 1.080 | 40.312 | 58.228 |
| Nóv. 2002 | 9.794 | 1.525 | 9.950 | 652 | 573 | 746 | 30.240 | 45.753 |
| Des. 2002 | 10.508 | 1.345 | 13.975 | 676 | 489 | 636 | 27.155 | 28.316 |
| Jan. 2003 | 12.077 | 951 | 9.315 | 609 | 896 | 1.056 | 22.944 | 30.659 |
| Feb. 2003 | 10.329 | 1.267 | 9.366 | 541 | 890 | 1.048 | 27.005 | 45.938 |
| Mar. 2003 | 9.989 | 1.317 | 9.910 | 664 | 912 | 1.087 | 38.177 | 63.816 |
| Apr. 2003 | 11.135 | 1.435 | 10.302 | 768 | 1.063 | 1.373 | 46.653 | 65.719 |
| Maí 2003 | 10.484 | 1.503 | 11.371 | 933 | 1.672 | 1.795 | 44.932 | 79.739 |
| Jún. 2003 | 11.094 | 1.927 | 11.857 | 1.418 | 1.721 | 2.140 | 66.641 | 100.570 |
| Júl. 2003 | 11.445 | 1.913 | 12.387 | 2.092 | 1.422 | 2.445 | 86.532 | 127.905 |
| Ágú. 2003 | 10.752 | 1.946 | 12.421 | 2.215 | 996 | 1.624 | 79.980 | 133.163 |
| Sep. 2003 | 11.402 | 1.832 | 12.073 | 1.590 | 1.006 | 1.599 | 48.509 | 77.931 |
| Okt. 2003 | 10.536 | 1.864 | 11.963 | 898 | 1.067 | 1.961 | 48.567 | 78.470 |
| Nóv. 2003 | 10.418 | 1.892 | 10.666 | 731 | 902 | 1.378 | 38.842 | 50.754 |
| Des. 2003 | 11.174 | 1.844 | 15.613 | 647 | 742 | 1.378 | 35.050 | 34.722 |
| Jan. 2004 | 12.403 | 761 | 10.586 | 540 | 963 | 1.393 | 33.111 | 31.779 |
| Feb. 2004 | 10.708 | 2.128 | 10.558 | 1.083 | 952 | 1.377 | 34.353 | 49.913 |
| Mar. 2004 | 10.709 | 1.572 | 12.064 | 767 | 1.307 | 2.060 | 41.415 | 67.892 |
| Apr. 2004 | 10.695 | 1.868 | 11.899 | 841 | 1.384 | 2.204 | 55.733 | 71.015 |
| Maí 2004 | 11.404 | 1.804 | 12.077 | 1.020 | 1.617 | 2.335 | 55.200 | 80.100 |












# Hagvísar í júní 2004

| | Velta skv. virðisaukaskattskýrslum í milljónum króna | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Iðnaður ÍSAT 15-37 | Byggingar-starfsemi ÍSAT 45 | Bíla- og smá-söluverslun ÍSAT 50 og 52 | Hótel og veitingarekstur ÍSAT 55 | Samgöngur ÍSAT 60-63 | Fjarskipti ÍSAT 64 | Ýmis þjónusta ÍSAT 71-74 og 90-93 |
| 2002 | 323.002 | 74.423 | 223.113 | 26.415 | 107.191 | 21.798 | 110.535 |
| 2003 | 312.460 | 92.917 | 240.791 | 28.983 | 101.990 | 25.512 | 119.351 |
| | | | | | | | |
| Jan.–feb. 2000 | 35.493 | 8.877 | 29.969 | 2.776 | 9.741 | 2.896 | 12.567 |
| Mar.–apr. 2000 | 44.042 | 10.024 | 33.104 | 3.405 | 13.014 | 3.209 | 14.945 |
| Maí–jún. 2000 | 46.454 | 13.463 | 39.082 | 4.386 | 16.090 | 3.514 | 15.617 |
| Júl.–ágú. 2000 | 43.798 | 14.133 | 37.677 | 5.522 | 17.770 | 3.371 | 14.167 |
| Sep.–okt. 2000 | 43.863 | 14.638 | 35.375 | 3.882 | 15.716 | 3.294 | 16.112 |
| Nóv.–des. 2000 | 48.434 | 16.586 | 38.265 | 4.006 | 13.596 | 3.581 | 20.232 |
| Jan.–feb. 2001 | 40.790 | 10.558 | 29.311 | 3.064 | 13.303 | 3.050 | 13.850 |
| Mar.–apr. 2001 | 50.786 | 12.098 | 32.520 | 3.853 | 16.660 | 3.179 | 15.649 |
| Maí–jún. 2001 | 53.017 | 15.897 | 37.782 | 4.760 | 20.666 | 3.946 | 18.125 |
| Júl.–ágú. 2001 | 55.310 | 16.706 | 39.081 | 5.956 | 23.385 | 3.363 | 16.288 |
| Sep.–okt. 2001 | 55.389 | 16.161 | 35.338 | 4.300 | 18.921 | 3.391 | 17.557 |
| Nóv.–des. 2001 | 55.185 | 14.817 | 41.817 | 3.985 | 16.702 | 3.786 | 20.705 |
| Jan.–feb. 2002 | 50.042 | 9.527 | 31.010 | 3.105 | 15.293 | 3.282 | 15.587 |
| Mar.–apr. 2002 | 56.741 | 9.796 | 34.092 | 3.872 | 16.795 | 3.598 | 17.667 |
| Maí–jún. 2002 | 54.253 | 13.899 | 38.822 | 4.960 | 19.051 | 3.862 | 18.306 |
| Júl.–ágú. 2002 | 51.404 | 13.876 | 41.115 | 6.293 | 21.192 | 3.740 | 17.548 |
| Sep.–okt. 2002 | 55.710 | 14.120 | 35.952 | 4.195 | 20.005 | 3.687 | 18.905 |
| Nóv.–des. 2002 | 54.851 | 13.205 | 42.122 | 3.990 | 14.855 | 3.629 | 22.522 |
| Jan.–feb. 2003 | 45.845 | 9.828 | 33.279 | 3.186 | 14.222 | 3.704 | 16.453 |
| Mar.–apr. 2003 | 52.886 | 12.010 | 36.114 | 3.949 | 14.449 | 3.990 | 19.314 |
| Maí–jún. 2003 | 54.051 | 16.601 | 41.938 | 5.386 | 20.705 | 4.436 | 20.155 |
| Júl.–ágú. 2003 | 50.297 | 17.088 | 43.441 | 7.209 | 19.440 | 4.380 | 19.852 |
| Sep.–okt. 2003 | 55.008 | 19.141 | 40.355 | 4.815 | 17.869 | 4.358 | 21.052 |
| Nóv.–des. 2003 | 54.374 | 18.249 | 45.664 | 4.438 | 15.305 | 4.644 | 22.525 |
| Jan.–feb. 2004 | 46.552 | 12.738 | 36.250 | 3.599 | 15.088 | 4.210 | 19.349 |












## Hagvísar í júní 2004

| | Utanríkisverslun fob í milljónum króna | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Vöruskipta-jöfnuður | Vöruút-flutningur | Vöruinn-flutningur | Þ.a. varanlegar neysluvörur | Þ.a. rekstrarvörur | Verðvísitala sjávarafurða Ísl. kr. | Verð á áli (LME) USD/tonn | Olíuverð (UK Brent 38) USD/fat |
| 2002 | 13.098 | 204.303 | 191.982 | 8.099 | 82.150 | 160,6 | 1.365,0 | 25,0 |
| 2003 | -16.932 | 182.580 | 199.512 | 9.372 | 79.851 | 146,3 | 1.427,9 | 29,3 |
| | | | | | | | | |
| Maí 2002 | 2.513 | 18.152 | 15.640 | 727 | 6.568 | 159,7 | 1.365,3 | 25,1 |
| Jún. 2002 | -88 | 15.277 | 15.365 | 615 | 7.257 | 160,5 | 1.374,9 | 25,6 |
| Júl. 2002 | -1.048 | 16.323 | 17.371 | 625 | 8.828 | 161,7 | 1.357,8 | 26,1 |
| Ágú. 2002 | 1.413 | 14.789 | 13.375 | 634 | 5.713 | 151,9 | 1.311,4 | 26,8 |
| Sep. 2002 | 159 | 17.116 | 16.957 | 660 | 7.708 | 152,2 | 1.318,2 | 28,5 |
| Okt. 2002 | 1.918 | 18.973 | 17.055 | 831 | 7.323 | 154,6 | 1.318,5 | 27,6 |
| Nóv. 2002 | 1.273 | 16.485 | 15.212 | 848 | 6.563 | 154,0 | 1.379,3 | 24,4 |
| Des. 2002 | -1.083 | 13.299 | 14.382 | 815 | 5.319 | 153,3 | 1.380,0 | 29,3 |
| Jan. 2003 | 4.928 | 16.354 | 11.425 | 520 | 4.491 | 152,1 | 1.380,0 | 32,1 |
| Feb. 2003 | 2.044 | 16.133 | 14.089 | 650 | 6.247 | 148,8 | 1.406,3 | 33,5 |
| Mar. 2003 | -526 | 16.726 | 17.252 | 781 | 6.674 | 146,3 | 1.390,0 | 31,6 |
| Apr. 2003 | -2.412 | 14.079 | 16.492 | 752 | 7.154 | 147,8 | 1.346,8 | 25,2 |
| Maí 2003 | -1.702 | 15.054 | 16.756 | 792 | 7.299 | 140,3 | 1.399,2 | 26,3 |
| Jún. 2003 | -3.170 | 14.309 | 17.479 | 578 | 6.587 | 142,6 | 1.391,2 | 28,0 |
| Júl. 2003 | -4.995 | 15.016 | 20.011 | 730 | 7.886 | 146,0 | 1.407,5 | 28,6 |
| Ágú. 2003 | -850 | 14.927 | 15.777 | 654 | 6.854 | 145,7 | 1.429,5 | 29,9 |
| Sep. 2003 | -4.690 | 14.555 | 19.245 | 757 | 8.395 | 146,6 | 1.423,2 | 27,3 |
| Okt. 2003 | -2.796 | 15.805 | 18.601 | 1.015 | 7.030 | 146,4 | 1.482,1 | 30,0 |
| Nóv. 2003 | -261 | 15.950 | 16.211 | 1.020 | 5.724 | 145,9 | 1.512,1 | 29,1 |
| Des. 2003 | -2.503 | 13.672 | 16.175 | 915 | 5.509 | 144,9 | 1.622,0 | 32,0 |
| Jan. 2004 | 186 | 16.622 | 16.436 | 673 | 7.321 | 141,0 | 1.703,9 | 31,5 |
| Feb. 2004 | 19 | 14.149 | 14.130 | 669 | 5.438 | 139,9 | 1.676,5 | 34,6 |
| Mar. 2004 | -195 | 20.138 | 20.333 | 986 | 8.886 | 139,3 | 1.744,4 | 34,0 |
| Apr. 2004 | -3.259 | 16.770 | 20.029 | 862 | 7.661 | 141,8 | 1.633,7 | 38,6 |
| Maí 2004 | -3.768 | 14.894 | 18.662 | 788 | 6.951 | 142,2 | 1.625,0 | 34,8 |



Vöruskiptajöfnuður - millj. kr.



Innflutningur, varanlegar neysluvörur - millj. kr.



Verðvísitala sjávarafurða - ísl. kr.



Álverð - USD/tonn

## Hagvísar í júní 2004

| | Launa-vísitala | Kaupmáttur launa, vísitala | Meðaltal ársfjórðunga (f.o.m. 2003) Atvinnu-þátttaka % | Atvinnu-leysi % | Fjöldi starfandi í ársfjórðungi | Opinber búskapur Tekjur ríkissjóðs milljón kr. | Gjöld ríkissjóðs milljón kr. | Tekjujöfnuður ríkissjóðs milljón kr. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2002 | 226,4 | 104,3 | 82,8 | 3,3 | 156.700 | 206.478 | 221.361 | -14.883 |
| 2003 | 239,1 | 107,9 | 82,2 | 3,4 | 156.900 | 229.442 | 240.313 | -10.871 |
| | | | | | | | | |
| Maí 2002 | 225,8 | 104,2 | . | . | . | 14.622 | 20.615 | -5.993 |
| Jún. 2002 | 226,3 | 104,1 | . | . | . | 21.376 | 20.198 | 1.178 |
| Júl. 2002 | 226,5 | 104,5 | . | . | . | 18.155 | 21.013 | -2.858 |
| Ágú. 2002 | 226,7 | 104,6 | . | . | . | 21.234 | 23.816 | -2.582 |
| Sep. 2002 | 227,2 | 104,3 | . | . | . | 15.368 | 18.574 | -3.206 |
| Okt. 2002 | 227,9 | 104,4 | . | . | . | 22.964 | 17.763 | 5.201 |
| Nóv. 2002 | 228,1 | 104,5 | 82,7 | 3,3 | 156.600 | 15.513 | 19.251 | -3.738 |
| Des. 2002 | 228,7 | 104,6 | . | . | . | 27.284 | 25.449 | 1.835 |
| Jan. 2003 | 237,0 | 108,3 | . | . | . | 19.202 | 19.485 | -283 |
| Feb. 2003 | 237,5 | 108,0 | 80,1 | 3,9 | 151.800 | 24.953 | 22.781 | 2.172 |
| Mar. 2003 | 237,8 | 107,5 | . | . | . | 24.182 | 19.691 | 4.491 |
| Apr. 2003 | 238,0 | 107,6 | . | . | . | 22.887 | 21.736 | 1.151 |
| Maí 2003 | 238,5 | 107,9 | 84,1 | 4,1 | 159.800 | 17.471 | 22.622 | -5.151 |
| Jún. 2003 | 239,0 | 108,2 | . | . | . | 21.861 | 21.355 | 506 |
| Júl. 2003 | 239,3 | 108,4 | . | . | . | 16.909 | 23.137 | -6.228 |
| Ágú. 2003 | 239,6 | 108,2 | 84,3 | 2,6 | 162.900 | 23.203 | 26.112 | -2.909 |
| Sep. 2003 | 239,9 | 107,7 | . | . | . | 16.625 | 18.938 | -2.313 |
| Okt. 2003 | 240,4 | 107,6 | . | . | . | 24.266 | 22.851 | 1.415 |
| Nóv. 2003 | 240,7 | 107,5 | 80,4 | 2,9 | 153.200 | 17.883 | 21.605 | -3.722 |
| Des. 2003 | 241,0 | 107,5 | . | . | . | 30.324 | 28.541 | 1.783 |
| Jan. 2004 | 244,9 | 109,3 | . | . | . | 23.533 | 23.807 | -274 |
| Feb. 2004 | 245,4 | 109,4 | 79,2 | 3,1 | 152.300 | 25.197 | 20.967 | 4.230 |
| Mar. 2004 | 246,8 | 109,4 | . | . | . | 15.900 | 20.189 | -4.289 |
| Apr. 2004 | 247,5 | 109,0 | . | . | . | 26.477 | 25.273 | 1.204 |
| Maí 2004 | 249,5 | 109,0 | . | . | . | . | . | . |












## Skýringar og heimildir

Heimilda er getið þegar um aðfengið efni er að ræða.

**Vöxtur VLF frá sama ársfjórðungi fyrra árs**. VLF merkir verg landsframleiðsla. Sýnd er raunbreyting landsframleiðslu í einstökum ársfjórðungum frá sama ársfjórðungi fyrra árs.

**Vísitala neysluverðs** og **Vísitala neysluverðs án húsnæðis.** Grunnur maí 1988=100.

**Samræmd vísitala neysluverðs.** Grunnur 1996=100. Samræmda vísitalan er reiknuð fyrir öll EES ríki. Hún er frábrugðin íslensku neysluverðsvísitölunni hvað umfang varðar. Mestu munar að reiknuð húsaleiga í eigin húsnæði er ekki með í samræmdu vísitölunni. Útgjöld erlendra ferðamanna og útgjöld þeirra sem búa á stofnunum eru með í vog samræmdu vísitölunnar en ekki í íslensku neysluverðsvísitölunni.

**Vísitala byggingarkostnaðar.** Grunnur júní 1987=100. Tölurnar eru miðaðar við útreikningsmánuð.

**Fiskafli, magnvísitala.** Aflinn í hverjum mánuði er verðlagður á meðalverði ársins 1990 og umreiknaður í vísitölu miðað við 1998=100.

**Framleiðsla á áli.** Í tonnum. Upplýsingar frá framleiðendum.

**Innvegin mjólk til mjólkurbúa.** Innvegin mjók í þúsundum lítra frá bændum til vinnslustöðva. Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði.

**Sala á mjólk frá mjólkurbúum.** Sala á mjólk, sýrðum mjólkurvörum, undanrennu og mysu í þúsundum lítra. Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði.

**Unnar mjólkurvörur, prótíngrunnur.** Unnar mjólkurvörur aðrar en mjólk, sýrðar mjólkurvörur, undanrenna og mysa, umreiknað í þúsund lítra m.v. prótíninnihald vöru. Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði.

**Kjötsala í tonnum.** *Kindakjöt, nautakjöt, svínakjöt, fuglakjöt.* Nær til sölu á innlendri framleiðslu, ekki innfluttu kjöti eða kjöti af villtum fuglum. Heimild: Bændasamtök Íslands.

**Raforka.** Seld raforka til notenda í gígawattstundum. Notkun er skipt í tvennt, stórnotkun sem er notkun álveranna og járnblendiverksmiðju. Öll önnur notkun telst almenn notkun Heimild: Orkustofnun.

**Eldsneytisinnflutningur.** Eldsneyti unnið úr jarðolíu samkvæmt innflutningsskýrslum.

**Sementsala.** Sala á innlendu og innfluttu sementi, umreiknað til vísitölu. Grunnur 1990 = 100. Heimild: Framleiðandi og innflytjendur.

**Fjöldi húsbréfalána til einstaklinga vegna nýbygginga.** Lán til verktaka eru ekki meðtalin. Heimild: Íbúðalánasjóður.

**Markaðsverð íbúðarhúsnæðis.** Vísitölur, grunnur mars 2000=100. Vísitölurnar eru undirgögn úr vísitölu neysluverðs og byggjast á kaupsamningum sem Fasteignamat ríkisins safnar.

**Kortavelta.** Tölurnar sýna heildargreiðslur heimila með greiðslukortum, þ.e. kreditkortum og debetkortum. Úttektir úr hraðbönkum og greiðslur í bönkum eru ekki meðtaldar. Heimild: Greiðslumiðlun hf., Kreditkort hf.

**Nýskráning bíla.** Fjöldi nýskráðra bíla, nýrra og notaðra. Heimild: Bílgreinasambandið.

**Innflutningur bíla.** Cif-verðmæti bílainnflutnings í milljónum króna.

**Komur ferðamanna til KEF.** Fjöldi allra ferðamanna sem koma með flugvélum til Keflavíkurflugvallar. Heimild: Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli.

**Gistinætur á hótelum.** Gistinætur á hótelum, sem rekin eru allt árið. Byggt er á skýrslusöfnun Hagstofunnar frá hótelum.

**Velta skv. virðisaukaskattskýrslum.** Milljónir króna. Sýnd er heildarvelta samkvæmt virðisaukaskattsskýrslum fyrir hverja tvo uppgjörsmánuði skattsins. Veltan er sýnd án virðisaukaskatts og er hún flokkuð á atvinnugreinar samkvæmt atvinnugreinaflokkun Hagstofunnar, ÍSAT 95.

**Utanríkisverslun.** *Vöruskiptajöfnuður, vöruútflutningur, vöruinnflutningur, innflutningur varanlegrar neysluvöru, innflutningur rekstrarvöru.* Á fob-virði í milljónum króna.

**Verðvísitala sjávarafurða.** Byggt er á einingarverði helstu vörutegunda samkvæmt upplýsingum frá útflytjendum og er verðið vegið með framleiðslu eða sölu næsta árs á undan. Vísitalan er með grunn 1990=100.

**Verð á áli (LME).** Mánaðarlegt meðalverð á tonni af áli á skyndimarkaði í London (London Metal Exchange). Heimild: Landsvirkjun.

**Olíuverð (UK Brent 38).** Mánaðarlegt meðalverð á fati af Norðursjávarolíu. Heimild: Olíufélagið hf.

**Launavísitala.** Grunnur desember 1988=100. Miðast við meðallaun í hverjum mánuði.

**Kaupmáttur launa.** Vísitala, 2000=100, sýnir breytingu launavísitölu umfram breytingu á vísitölu neysluverðs.

**Atvinnuþátttaka, atvinnuleysi og fjöldi starfandi.** Tölur sýna niðurstöður úr vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar. Frá og með 2003 er rannsóknin samfelld og skilar niðurstöðum fyrir hvern ársfjórðung. Rannsóknin er úrtaksathugun og er stærð úrtaks 4.000 manns í hverjum ársfjórðungi. Árin 1991-2002 var rannsóknin gerð tvisvar á ári, í apríl og nóvember.
*Atvinnuþátttaka*: Hlutfall vinnuaflsins (starfandi og atvinnulausir) af mannfjöldanum 16-74 ára.
*Atvinnuleysi:* Hlutfall atvinnulausra af vinnuafli.
*Fjöldi starfandi:* Fjöldi fólks í launuðu starfi (launafólk og sjálfstætt starfandi).

**Tekjujöfnuður, tekjur og gjöld ríkissjóðs.** Tölur á greiðslugrunni. Heimild: Fjársýsla ríkisins.

Hagtíðindi
Statistical Series
89. árgangur nr. 37
ISSN 0019-1078

**Hagvísar**
www.hagstofa.is/hagtidindi • upplysingar@hagstofa.is
2004:6
ISSN 1670-4754 (prentað) • ISSN 1670-4762 (rafrænt)
Verð 500 kr. • Áskrift 5.100 kr.
Umsjón Vilhjálmur Bjarnason • vilhjalmur.bjarnason@hagstofa.is
Sími 528 1000
Bréfasími 528 1099
© Hagstofa Íslands • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Ísland
Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlega getið heimildar.